

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Breyting á deiliskipulagi við Brúartorg vegna lóðar menntaskóla á gamla íþróttavellinum í Borgarnesi.

Um er að ræða breytingu á ofangreindu skipulagi sem felst í því að setja framhaldsskóla á lóð þar sem gamli íþróttavöllurinn í Borgarnesi var en nú er starfrækt sem tjaldsvæði.

Breyting á deiliskipulagi við Stangarholt.

Um er að ræða breytingu á ofangreindu skipulagi sem felst í því að lóðir nr. 13 og 14 í Þórdísarbyggð eru stækkaðar til norðausturs ásamt því sem byggingarreitir sömu lóða færast til.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreindar breytingar á skipulagi.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 13. nóvember 2006.

Sigurður Páll Harðarson,
forstöðumaður framkvæmdasviðs Borgarbyggðar.